



Hr. Björn Leví Gunnarsson,  
alþingismaður.

Reykjavík, 14. nóvember 2018.

Forsætisnefnd hefur haft til athugunar erindi þitt frá 29. október sl., um rannsókn á endurgreiddum aksturskostnaði alþingismanna.

Á fundi nefndarinnar 12. nóvember sl., var sérstaklega rætt á hvaða grundvelli slík rannsókn gæti farið fram, sbr. skilyrði 16. og 17. gr. siðareglna fyrir alþingismenn og að af erindi þínu mætti ekki ráða sem skyldi hvaða atvik eða hárögn einstakra þingmanna gefi tilefni til rannsóknar af þeim toga sem þú óskar. Var þá einnig vísað til umfangs slíkrar rannsóknar. Í fjölmöldum hefur á hinn böginn verið haft eftir þér í tilviki þess þingmanns sem þú nefnir sérstaklega, að hann sé með langhæsta aksturskostnaðinn og að fólk hafi haft samband við þig, sem hann hafi fundað með „og vefengt að þeir fundir eigi að geta talist sem endurgreiðanlegur starfskostnaður“.

Áður en forsætisnefnd tekur endanlega afstöðu til erindis þíns, sbr. 17. gr. siðareglna fyrir alþingismenn, er þér gefið færri á að skýra nánar grundvöll erindis þíns og eftir atvikum upplýsa um þau atvik sem þú telur að geti varðað brot á 14. gr. siðareglna fyrir alþingismenn eða almennum hegningarlögum. Óskað er eftir því að svör þín berist forsætisnefnd fyrir fund hennar nk. mánudag kl. 11.45.

F O R S E T I   A L P I N G I S